

Fimmtudaginn 4. maí 1995.

Nr. 51/1995.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Ingibergi Sigurjónssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Kynferðisbrot. Börn. Munnlegur framburður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu hefur verið skotið til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákærvalds með stefnu 15. febrúar 1995. Krefst ákærvaldið sakfellingar samkvæmt öllum liðum ákæru og þyngingar á refsingu ákærða. Af hálfu ákærða er óskað endurskoðunar hins áfrýjaða dóms í þeim atriðum, sem um ræðir í b- og c-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Krefst hann sýknu af öllum kynferðisbrotum, er í ákæru greinir, og af áfengislagabroti samkvæmt 2. lið I. kafla ákærunnar. Til vara krefst hann endurskoðunar á ákvörðun viðurlaga, sbr. a-lið 147. gr.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta sakarmat hans um önnur ákæruefni en það kynferðisbrot, sem um ræðir í 3. lið I. kafla ákæru. Þrátt fyrir mat héraðsdómara á sönnunargildi framburðar X, sem var mjög ölvaður umrætt sinn, þykir varhugavert að telja nægilega sannað, að ákærði hafi gengið lengra með framferði sínu en svo, að athæfi hans verði fellt undir 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 15. gr. laga nr. 40/1992. Stendur 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 því ekki í vegi, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt því refsíákvæði, en við munnlegan flutning hér fyrir dómi var málið reifað með hliðsjón af þessum efnisatriðum.

Eins og í héraðsdómi segir, ber að ákveða refsingu ákærða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og af því, að samskipti hans og piltanna voru tengd atvinnu hans, auk þess sem honum var kunnugt, að þeir ættu við áfengisvandamál að etja. Með tilliti til

þessa og fyrrgreindrar breytingar á heimfærslu til refsíákvæðis telst hún hæfilega ákveðin fangelsi fimm mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem um er mælt í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ingibergur Sigurjónsson, sæti fangelsi fimm mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmans, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 30. desember 1994.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. þ. m., er höfðað hér fyrir héraðsdómnum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 15. september 1994, á hendur Ingibergi Sigurjónssyni, Arnarheiði 25, Hveragerði. Í ákæruskjali er ákæruatriðum lýst með eftirgreindum hætti:

„Fyrir eftirgreind áfengislagabrot og kynferðisbrot, framin á tímabilinu frá 26. júlí til 22. október 1993 í Hveragerði, nema annað sé tekið fram:

I.

1. að kvöldi mánudagsins 26. og aðfaranótt þriðjudagsins 27. júlí á vinnustað sínum, Kam-bar, veitt piltinum X, fæddum [...] 1978, áfengi,

2. laugardaginn 31. júlí í Reykjadal skammt norðan Hveragerðis tælt X til kynferðismaka með því að veita honum áfengi, og er pilturinn var orðinn ölvaður, fróað sér, uns honum varð sáðlát, og jafnframt farið höndum um getnaðarlim pilsins og reynt að fróa honum,

3. aðfaranótt föstudagsins 22. október á áðurnefndum vinnustað sínum tælt X til kynferðismaka með því að veita honum áfengi, og er pilturinn var orðinn ölvaður, fróað sér í hans viðurvist og jafnframt þreifað inn undir buxur pilsins og farið höndum um getnaðarlim hans.

II.

Í eftirgreind þrjú skipti á fyrrnefndum vinnustað sínum veitt piltinum Y, fæddum [...] 1978, áfengi:

1. að kvöldi miðvikudagsins 25. ágúst,
2. að kvöldi sunnudagsins 5. september og þá jafnframt ekið með piltinn að hvernum Grýtu skammt ofan Hveragerðis og þar í bifreið sinni tekið út á sér getnaðarliminn og farið höndum um hann í viðurvist pilsins og jafnframt fært hægri hönd sína að kynfærum pilsins, sem yfirgaf bifreiðina, og loks
3. aðfaranótt föstudagsins 22. október.

III.

Telst þetta varða við 3. mgr. 16. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978, og brot ákærða samkvæmt ákæruliðum I. 2 og I. 3 að auki við 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992, og brot hans samkvæmt ákærulið II. 2 enn fremur við 209. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 15. gr. laga nr. 40/1992.“

Ákæruliður I. 1.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við það, sem fram er komið í málinu hjá piltinum X, telst sannað, að ákærði hafi veitt piltinum, sem var aðeins 15 ára, áfengi á vinnustað sínum, Kam-bar, mánudagskvöldið 26. og aðfaranótt þriðjudagsins 27. júlí 1993. Háttsemi þessari er rétt lýst í ákæruskjali ríkissaksóknara og er þar réttilega heimfærð undir 3. mgr. 16. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Ákæruliður I. 2.

Framburði ákærða um, að ekkert áfengi hafi verið haft um hönd í ferðinni, hefur ákærvaldinu ekki tekist að hnekkja. Þá verður einnig að teljast ósennilegt, að ákærði hefði farið með drenginn heim til foreldra hans, eftir að hafa veitt honum áfengi og tælt hann til kynferðismaka. Og með því að telja verður, að pilturinn X hafi ekki getað staðfest fyrri framburð sinn, sem liggur til grundvallar ákæruatriðum í 2. tl. I. kafla ákæru, að ákærði hafi tælt piltinn til þeirra kynferðismaka, sem í þessum lið ákæru greinir, verður ákærði alsýknaður af kröfu ákærvalds samkvæmt þessum ákærulið.

Ákæruliður I. 3.

Með játningu ákærða telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um áfengislagabrot með því að veita drengnum X áfengi á vinnustað sínum, Kam-bar, Hveragerði, aðfaranótt föstudagsins 22. október 1993, en eins og að framan greinir, var drengurinn aðeins 15 ára. Ákærði var 47 ára og hafði því yfirburði fram yfir drenginn að aldri og þroska. Það er fjarstæðukennt, að

ákærði hafi ekki getað nýtt sér þessa yfirburði til að koma drengnum út, þegar kunningi hans, Y, vildi fá hann með sér, ef vilji ákærða á annað borð stóð til þess. Í heilsteyptum framburði sínum segir vitnið Y, að ákærði hafi verið mjög dónalegur í tali þann tíma, sem hann dvaldist þarna inni, en eins og fram hefur komið, sat ákærði að drykkju með drengjunum. Samræmis gætir í framburði drengsins X. Vitnin Y, A og B bera öll, að drengurinn hafi verið mjög miður sín um morguninn, og lýsing móðurömmu drengsins á því, hvernig drengurinn opnaði sig fyrir henni, hnígur í sömu átt, þ. e., að hann hafi mátt þola af hendi mannsins þá misgjörð, sem hann sakar hann um. Að þessu virtu, en gegn andmælum ákærða þykir ekki varhugavert að telja, að ákærði hafi auk framangreinds áfengislagabrots þennan sama dag gerst sekur um kynferðisbrot, en hann, eftir að hann hafði veitt drengnum X áfengi og drengurinn var orðinn ölvaður, tælt hann til kynferðismaka með því að fróa sér í viðurvist drengsins og fara höndum um getnaðarlim hans. Háttsemi ákærða er rétt lýst í ákæru og telst vera kynferðismök í skilningi 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæruliður II. 1.

Með játningu ákærða telst sannað, að hann hefur á vinnustað sínum að kvöldi miðvikudagsins 25. ágúst 1993 veitt piltinum Y áfengi, en pilturinn var aðeins 15 ára. Háttseminni er því réttilega lýst í ákæruskjali ríkissaksóknara og hún þar færð til rétttra refsilagaákvæða.

Ákæruliður II. 2.

Framburður ákærða er ótrúverðugur, og ber að hafna honum. Engar veilur eru hins vegar á eiðfestum vitnisburði Y, og er framburður vitnisins trúverðugur, skýr og greinagóður. Verður hann lagður til grundvallar, þegar metið er, hvort ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Frygðarfull framkoma ákærða var til þess fallin að vekja viðbjóð hjá drengnum. Þessi ósiðlega framkoma ákærða var auk þess almennt séð hneykslanleg. Háttsemilýsing í ákæru er í efnislegu samræmi við framburð Y. Þykir því broti ákærða samkvæmt þessum ákærulið vera rétt lýst í ákæru, og er hún þar réttilega heimfærð undir 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 15. gr. laga nr. 40/1992.

Ákæruliður II. 3.

Með játningu ákærða telst sannað, að ákærði hafi á vinnustað sínum aðfaranótt föstudagsins 22. október 1993 veitt piltinum Y áfengi, en pilturinn var aðeins 15 ára. Háttseminni er þannig réttilega lýst í ákæruskjali ríkissaksóknara og hún þar færð til rétttra refsilagaákvæða.

IV.

Ákærði, Ingibergur Sigurjónsson, er sakhæfur, en hann er fæddur 10. nóvember 1945 og er með hreint sakavottorð, þegar undan eru skildar tvær gamlar sektarrefsingar fyrir tékkamisferli.

Kynferðisbrot ákærða, þ. e. brot hans samkvæmt 2. mgr. 202. gr. og 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 40/1992, eru alvarleg. Við refsimat verður haft í huga, að ákærði nýtti sér vinnuástöðu sína og vinnhneigð piltanna til að svala afbrigðilegri kynhneigð sinni. Þá er á það að líta, að lostugt athæfi ákærða í orði og æði virðist hafa markað djúp spor í viðkvæmt tilfinningalíf piltanna. Óhikað hélt hann áfengi að drengjunum, þótt hann vissi, að þeir ættu við áfengisvanda að stríða. Að þessu virtu og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 8 mánaða fangelsi.

Í samræmi við niðurstöðu málsins og samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 þykir rétt, að ákærði greiði sakarkostnað málsins að 3/4 hlutum, en ríkissjóður að 1/4 hluta. Skal ákærði greiða 75.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð og 75.000 krónur í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hrl., en ríkissjóður greiði verjanda 25.000 krónur í málsvarnarlaun.

Guðjón Ólafur Jónsson, fulltrúi ríkissaksóknara, flutti málið hér fyrir dóminum af hálfu ákæruvalds.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari dæmir mál þetta ásamt meðdómsmönnum Péttri Guðgeirssyni og Þorgeiri Inga Njálssyni héraðsdómurum. Vegna embættisanna dómsformanns reyndist ekki unnt að kveða upp dóminn fyrir 23. þ. m.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ingibergur Sigurjónsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði greiði sakarkostnað að 3/4 hlutum, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 75.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hrl., 75.000 krónur. Úr ríkissjóði greiðist 1/4 hluti sakarkostnaðar, þar með taldar 25.000 krónur í málsvarnarlaun verjanda ákærða.